

<i>F. Skinnvara.</i>						Í pening.		Hundrað á		Alin.	31 10. marz.
						Kr.	Aur.	Kr.	Aur.	Aur.	
31.	1 ♂	4	fjórðungar	nautsinn	. . . 10 pund á	12	78	51	12	43	
32.	—	6	—	kýrsinn	. . . — — —	8	88	53	28	44	
33.	—	6	—	hrosssinn	. . . — — —	7	38	44	28	37	
34.	—	8	—	sauðsinn, af tvævetrum og eldri	. . . — — —	4	79	38	32	32	
35.	—	12	—	sauðsinn, af veturgömlum og ám	. . . — — —	3	28	39	36	33	
36.	—	6	—	selsinn	. . . — — —	6	25	37	50	31	
37.	—	240	lambsinn	(vorlamba), einlit	. . . — — —	»	13	31	20	26	
<i>G. Ýmislegt.</i>											
38.	1 ♂	6	pd. af æðardún, vel breinsuðum	. . .	pundið á	»	»	»	»	»	
39.	—	40	— — —	óhreinsuðum	. . . — — —	»	»	»	»	»	
40.	—	120	— — —	fuglafríðri	. . . 10 pund á	4	50	54	»	45	
41.	—	480	— — —	fjallagrösum	. . . — — —	1	»	48	»	40	
42.	5 álnir	1	dagsverk um heyannir	. . . — — —	— — —	1	90	45	60	38	
43.	5	—	1 lambsfóður	. . . — — —	— — —	2	60	62	40	52	

Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrtöldum landaurum verður:

<i>Eptir</i>	<i>A.</i>	<i>eða í fríðu</i>	60	37	50
—	<i>B.</i>	<i>— í ullu, smjörri og tólg</i>	63	»	53
—	<i>C.</i>	<i>— í ullar tóvöru</i>	70	92	59
—	<i>D.</i>	<i>— í fiski</i>	53	»	44
—	<i>E.</i>	<i>— í lýsi</i>	48	75	41
—	<i>F.</i>	<i>— í skinnu-vöru</i>	42	15	35

En meðalverð allra landaura samantalið 338 19 282

og skipt með 6, sýnir:

meðalverð allra meðalverða 56 37 47

Reykjavík, 10. dag marzmán. 1883.

Bergur Thorberg. P. Pjetursson.

Brjef landshöfðingja til bæjarstjórnarinnar á Ísafirði um lán handa kaupstaðum til varnar gegn landbroti og til þinghúsbyggingar. — Bæjarstjórnin á Ísafirði hefir í brjefi til amtmannsins yfir vesturamtinu, dags. 25. okt. f. á., beiðzt leyfis að mega taka lán handa kaupstaðnum, annaðhvort úr viðlagasjóði ef fengist, eða annarstaðar, með sem vægustum kjörum, allt að 12,000 kr. að upphæð, til að byggja þinghús og til að verja kaupstaðinn fyrir landbroti.

Eptir því sem frá er skýrt í brjefinu, er ætlaðt svo á, að 7000 til 8000 kr. muni ganga til þinghúsbyggingarinnar en 4000 til 5000 kr. til varnar móti landbroti á kaupstaðarlóðinni.

Eptir að málefni þetta hefir verið lagt undir úrskurð landshöfðingjans, læt jeg ekki hjá líða að gefa hinni heiðruðu bæjarstjórn til vitundar, að bæjarstjórninni hjer með er veitt leyfi til að taka allt að 5000 kr. lán til að verja kaupstaðarlóðina fyrir landbroti, þar eð slík ráðstöfun, eptir því sem til hagar, má álítast að vera nauðsynjamál fyrir kaupstaðinn.

Þar á móti þykir mjer ísjárvert að veita að svo komnu leyfi til að taka handa

32 1. marz. kaupstaðnum 7000 til 8000 kr. lán til þinghúsbyggingar, eða rjettara sagt til breytingar á barnaskólahúsinu, þannig að þar megi fá húsnæði fyrir þinga- og fundahöld, og skal jeg í því tilliti athuga, að með 7,500 kr. láni yrði lögð allþung byrði á ekki stærra bæjarfjelag en Ísafjörður er, þar sem vaxtagreiðsla og endurborgun lánsins mundi nema 450 kr., auk viðhalds m. m., sem ekki virðist mega gjöra minna en 50 kr. á ári.

Jeg skal þess vegna skora á hina heiðruðu bæjarstjórn að íhuga málefni þetta af nýju og skýra mjer síðan frá tillögum sínum um það, þar sem það komi skýrt fram, hvort það sje samhljóða ósk allra bæjarfulltrúanna, að sú byrði verði lögð á kaupstaðarbúa, sem hið umrædda lán hefir í för með sjer, og hvort þeir ekki sjái ráð til þess, að kaupstaðnum verði útvegað húsnæði fyrir þinghöld og önnur nauðsynleg fundahöld með minni kostnaði en svo, að rúmur sjöundi hluti af árstekjum hans, eins og þær eru nú, gangi í þinghúsleigu.

Alitsskjal bæjarstjórnarinnar ber að senda amtmanninum yfir vesturamtinu.

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI.

Samkvæmt fjárlögum fyrir árin 1882 og 1883.

10. gr. C. 4.

Samþykkt tillaga bæjarstjórnarinnar í Reykjavík um að veita bænum 200 kr. til að verja „Grófna“ fyrir sjáfarroti.

13. gr. B. V. b.

Barnaskólanum á Mýrarhúsum í Seltjarnarneshreppi veittur 200 kr. styrkur á móts við 130 kr. styrk úr sveitarsjóði.

16. gr.

Kristrún Eyjólfsdóttur frá Stuðlum í Reyðarfirði veittur 200 kr. styrkur til að nema mjólkurmeðferð og ostagjörð.

LAUSN FRÁ EMBÆTTI.

7 marzmán. var sóknarpresti að Hruna í Árnessprófastsdæmi, præp. hon. Jóhanni Kristjáni Briem veitt lausn frá prestsembætti frá næstskomandi fardögum að telja, með 423 kr. 28 a. eptirlaunum.

YFIRSKATTANEFND.

Samkvæmt tillögum hlutabeigandi bæjarstjórnar skipaði landshöfðingi 23. febrúarmán. þessa menn í yfirsattanefnd á kaupstaðnum Ísafirði:

bæjarfógeta C. Fensmark, sem er formaður nefndarinnar,
alþingismað Þorstein Thorsteinson, og
kaupmann Árna Jónsson, en
til vara kaupmann Magnús Jóhannsson.

ÓVEITT PRESTAKALL.

Hruni í Árnessprófastsdæmi (Hruna- og Tungufellssóknir). Veitist frá fardögum 1883. Metið 1183 kr. 16 a. Auglýst 9. marz.

LEIÐRJETTING.

22. bls., 28. línu, hjer að framan: 24. — 2 — — þyrsklingi, les: 24. — 6 — — þyrsklingi.